

Fundargerð 840. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, fimmtudaginn 2. júní kl. 16:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir í símasambandi, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í símasambandi, Haraldur Sverrisson í forföllum Gunnars Einarssonar, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir og Ísólfrur Gylfi Pálmason í símasambandi.

Eiríkur Björn Björgvinsson boðaði forföll, en ekki náðist í varamann hans. Gunnhildur Ingvarsdóttir boðaði forföll, en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Þá sátu einnig fundinn Benedikt Þór Valsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, og Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar Reykjavíkurborgar.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kjarasamningur SNS við FG - 1605090SA

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, dags. 30. maí 2016, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum.

Sviðsstjóri kjarasviðs gerði nánari grein fyrir samkomulaginu og þeim breytingum sem gerðar eru á kjarasamningi aðila.

Fulltrúar í samninganefndinni svöruðu einnig fyrirspurnum stjórnarmanna og skýrðu einstök atriði samkomulagsins.

Fram kom á fundinum að starfsmenn kjarasviðs sambandsins munu kynna samkomulagið fyrir fulltrúum sveitarfélaga á næstu dögum.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 16:40.

Að loknum umræðum var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrir sitt leyti samkomulag frá 30. maí 2016 milli samninganefndar sambandsins og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Fundi var slitið kl. 17:00.

Halldór Halldórsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Haraldur Sverrisson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari